



Alþingi – nefndarsvið
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2023

Efni: Umsögn HMS um frumvarp til laga um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ – 537. mál

Vísað er í umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis dags. 28. nóvember 2023 um frumvarp til laga um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, mál 537.

Frumvarpið er samið í innviðaráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við forsætisráðuneytið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir HMS). Frumvarpið er liður í þeirri áætlun ríkisstjórnarinnar sem ætlað er að mæta þeim húsnæðisvanda sem skapast hefur hjá íbúum Grindavíkurbæjar vegna jarðhræringanna á Reykjanesskaga. Í því er lagt til að lögfest verði tímabundið stuðningsúrræði til að lækka húsnæðiskostnað Grindvíkinga sem þurfa að leigja húsnæði til íbúðar utan Grindavíkurbæjar vegna jarðhræringanna.

HMS hefur yfirfarið frumvarpið sem unnið var í samráði við stofnunina og styður efni þess en vill þó með umsögn þessari koma neðangreindum atriðum á framfæri.

Frestur til að sækja um eftir að úrræðinu lýkur

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um umsókn um sértækan húsnæðisstuðning og hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í henni en þar er ekki skilgreindur neinn frestur til að sækja um eftir að úrræðinu lýkur. Þar sem um tímabundið úrræði er að ræða er lagt til að skilgreind séu tímamörk fyrir umsóknir en hafi umsóknir ekki borist fyrir það tímamark fellur niður réttur til stuðnings á grundvelli laganna. Mætti í því samhengi horfa til 9. gr. nýsamþykkrtra laga um launagreiðslur til íbúa Grindavíkur en þar segir: „*Umsóknir um stuðning samkvæmt lögum þessum skulu berast Vinnuálastofnun í síðasta lagi 31. maí 2024. Hafi umsókn ekki borist fyrir það tímamark fellur niður réttur til stuðnings á grundvelli laga þessara.*“ Eðlilegt væri að sambærileg tímamörk gildi um úrræðin.



Leiðrétting greiðslna sértæks húsnæðisstuðnings

Meginhluti skilyrða sértæks húsnæðisstuðnings skv. frumvarpinu snýr að opinberri búsetuskráningu. Ljóst er að ákvörðun um sértækan húsnæðisstuðning sem og leiðréttingar á gildistíma úrræðisins munu að mestu snúast um aðsetursskráningar hjá Þjóðskrár Íslands. Stærsti óvissuþátturinn í framkvæmdinni er rauntímaaðgengi að upplýsingum þar um. Á þessum tímapunkti er líklegt að gögnin verði aðgengileg, en þó ekki öruggt að afhending þeirra verði með sjálfvirkum hætti. Við það getur skapast töf og óskilvirkni í afgreiðslu mála og leiðréttingum sem og villuhætta ef kemur til handvirkrar vinnslu. Til að tryggja skilvirkni og skynsamlega nýtingu fjármuna hins opinbera er því mikilvægt að lögð verði áhersla á sjálfvirka afhendingu gagna frá Þjóðskrá til HMS um aðsetursskráningu í sem næst rauntíma.

Brunavarnir

Líkt og fram kemur í d-lið 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að veitingu sértæks húsnæðisstuðning í þeim tilvikum sem húsnæði uppfyllir ekki kröfur um brunavarnir íbúðarhúsnæðis. HMS aflar upplýsinga um stöðu brunavarna leiguhúsnæðis sem skylt er að veita upplýsingar um við gerð leigusamnings sem skráður er leiguskrá hjá stofnuninni. Hafi HMS undir höndum upplýsingar um að brunavarnir leiguhúsnæðis séu ófullnægjandi er nauðsynlegt að stofnunin hafi heimild til að tilkynna slökkviliði um búsetu fólks í húsnæði þar sem brunavarnir geta ógnaði lífi og öryggi fólks. Því er lagt til að stofnuninni verði veitt heimild til að tilkynna slökkviliðum um tilvik sem þessi.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Anna G. Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri